

Reglur um val og útnefningu heiðursborgara Sveitarfélagsins Voga

1. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara Sveitarfélagsins Voga.
2. Við val á heiðursborgara skal hafa í huga m.a.:
 - a. Störf viðkomandi hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið
 - b. Störf og framgangna hafi verið til fyrirmyndar og til eftirbreytni
 - c. Jákvæða ímynd bæði innan Sveitarfélagsins Voga sem utan
3. Bæjarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.
4. Bæjarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.
5. Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða á stórafmæli viðkomandi.
6. Heiðursborgari fær skrautritað innrammað skjal undirritað af öllum bæjarfulltrúum til staðfestingar. Á skjalinu kemur fram nafn viðkomandi, dagsetning fundar bæjarstjórnar, undirritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
7. Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Sveitarfélaginu Vogum sem slíkur.
8. Bæjarstjórn hefur eftirfarandi skyldur/heimild gagnvart heiðursborgara:
 - a) Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Sveitarfélagsins Voga
 - b) Heldur nafni / nöfnum heiðursborgara með tilinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri
 - c) Er heimilt samkvæmt fjárhagsáætlun að veita heiðursborgara sérstakt framlag.
9. Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverjir sátu þá í bæjarstjórn/sveitarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

Samþykkt á 119. fundi bæjarstjórnar 24. febrúar 2016

 **Vogar**
Bæjarstjóri
Ásgeir Eiríksson

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri